


ÁRSSKÝRSLA 2025



FÍN – FÉLAG ÍSLENSKRA
NÁTTÚRUFRAEÐINGA

Skýrsla formanns

Síðasti aðalfundur FÍN var haldinn 27. mars 2025 í Borgartúni 27, með þátttöku bæði á staðnum og í fjarfundi. Á fundinum voru samþykktar nokkrar breytingar á lögum félagsins, meðal annars að félagið beri heitið **FÍN – Félag íslenskra náttúrufræðinga**, en jafnframt voru samþykktar tillögur um skipun laganefndar til endurskoðunar laga félagsins, endurskoðun siðareglna og stofnun sérstakrar afmælisnefndar vegna 70 ára afmælis félagsins.

Á aðalfundinum var kosið í trúnaðarstörf til tveggja ára. Varaformaður var kjörinn Þorkell Heiðarsson og í stjórn voru kjörin Berglind Sigurðardóttir, Bragi Bergsson, Jón Már Halldórsson, Margrét Geirsdóttir, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Una Bjarnadóttir, Sigrún Laufey Sigurðardóttir og Páll Sigurðsson. Fráfarandi stjórnarmaður var Kristín Hermannsdóttir og voru henni færðar þakkir fyrir störf sín í þágu félagsins.

Stjórn FÍN starfsárið 2025–2026 var skipuð tuttugu einstaklingum, og þar af gegndi Þorkell Heiðarsson formennsku þar sem formaðurinn Maríanna H. Helgadóttir var í námsleyfi. Maríanna sagði síðan af sér embætti formanns í lok árs. Margrét Geirsdóttir var kjörin í embætti gjaldkera og Stella Hrönn Jóhannsdóttir í embætti ritara. Í formannaráði BHM situr formaður FÍN sem aðalmaður og Guðrún Nína Petersen, sem einnig situr í framkvæmdastjórn FÍN, sem varamaður.

Í byrjun júní var haldin árlegur fundur náttúrufræðinga á Norðurlöndum, Nordiska landbruksakademikerrádet (NLR) og var fundurinn haldinn í Lundi í Svíþjóð að þessu sinni. Starfandi formaður ásamt gjaldkera stjórnar sótti fundinn, en þema fundarins var fæðuöryggi á stríðstímum, enda málefnið ofarlega á baugi hjá frændum vorum. Vorið 2026 er hins vegar komið að FÍN að halda fundinn og verður hann í Reykjavík þann 1. - 3. júní 2026.

Starfsárið einkenndist af mikilli virkni í kjaramálum og hagsmunagæslu. Þann 3. júní 2025 var undirritaður nýr kjarasamningur FÍN við Samtök atvinnulífsins. Þótt ekki næðust fram ítrustu kröfur í þeim samningi varðandi lágmarkshækkanir náðist engu að síður markverður árangur hvað varðar launaviðtöl og breytingar á orlofi. Mikilvægt er að félagið haldi áfram samtali við SA og þroski á næstu árum samskipti og samningagerð á almenna markaðnum.

Í júlí var undirritaður viðauki við stofnanasamning Landbúnaðarháskóla Íslands, og í sama mánuði var undirritaður nýr kjarasamningur við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sem síðar var samþykktur í atkvæðagreiðslu félagsfólks. Á haustmánuðum var einnig undirritaður stofnanasamningur við Náttúrufræðistofnun, síðar við Landspítalann og í desember við Umhverfis- og orkustofnun. Þá var greint frá hækkun launa hjá ríkinu um 1,24% samkvæmt niðurstöðu nefndar um launatöfluauka í samræmi við kjarasamning við ríkið.

FÍN lét einnig til sín taka í faglegri og samfélagslegri umræðu. Félagið birti umsögn um fyrirhugaða sameiningu starfsemi Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, og undirstrikaði með því hlutverk sitt sem hagsmunavörður félagsfólks í málum sem snerta starfsskilyrði þess og starfsumhverfi. Þar náðist góður árangur sem tryggði að starfsfólk Skipulagsstofnunar hélt öllum áunnum réttindum sínum við flutning milli stofnana.

Félagið sendi alls inn umsagnir er vörðuðu fimm efnisatriði þingmála á haustdögum 2025. Frumvarp um flutning á verkefnum heilbrigðiseftirlita landsins kom fram og sendi félagið inn umsögn vegna þess sem og vegna sameiningar Fiskistofu o.fl. við Mast. Eins sendi félagið inn umsögn vegna breytinga á skipan háskólamála landsins en breytingin felst m.a. í stofnun háskólasamstæða. Afstaða félagsins í því máli var einnig kynnt menntamálanefnd alþingis á fundi nefndarinnar.

Eign félagsins í Borgartúni 6 er enn í sölufurli, en því miður hefur ekkert gengið né rekið í þeim efnum enda virðist markaður slíkra eigna vera botnfrosinn. Þá hafa háir vextir að sjálfsögðu ekki aukið sölumöguleika eigna almennt. Vonandi fer þó að sjást til lands í sölu eða leigu á húsnæðinu. Í eigninni eru nú bundnar um 45 mkr. Leigusamningur FÍN á annarri hæð í Borgartúni 27 var framlengdur á árinu til 2028, en þar leigir félagið ásamt níu öðrum BHM félögum.

Í upphafi árs 2026 hófu FÍN og Viska samtal um mögulega stofnun óhagnaðardrífins húsnæðisfélags í líkingu við félög sem komið hafa fram undanfarin ár. Í því sambandi var horft til þess að félagsfólk hefur verið í sambandi við félagið og haft áhyggjur að möguleikum sínum á að eiga kost á slíku húsnæði. FÍN og Viska gerðu í kjölfarið könnun meðal félagsfólks um afstöðu til stofnunar slíks félags, sem reyndist afar jákvæð eða vel yfir 70%. Þá leiddi könnunin einnig í ljós að um 11% félagsfólks virðist falla innan þeirra viðmiða eigna og ráðstöfunartekna sem núverandi reglugerð um almennar íbúðir setja, en leigufélögin byggja úthlutun sína á þeim reglum. Í kjölfarið héldu stjórnir félaganna tveggja sameiginlegan vinnufund þar niðurstöður könnunarinnar voru kynntar og borgarstjóri og fulltrúar frá Bjargi sem og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun héldu fyrirlestra og fræddu stjórnirnar um málefnið. Í framhaldinu skrifuðu formenn félaganna tveggja undir viljayfirlýsingu um stofnun óhagnaðardrífins húsnæðisfélags, fyrst háskólafélaga á Íslandi.



Laganefnd starfaði á milli aðalfunda og sátu Unnur Magnúsdóttir og Svava S. Steinarsdóttir í henni. Síðla árs ákvað stjórn að bæta sitjandi formanni inn í nefndina. Niðurstaða vinnunnar varð að lokum heildarendurskoðun laga FÍN sem stjórn félagsins gerði að sínum og liggja fyrir aðalfundinum nú. Ef tillögurnar hljóta brautargengi er gert ráð fyrir að þær verði að fullu komnar til framkvæmdar á aðalfundi 2028.

FÍN hefur á starfsárinu sameinað hefðbundna stéttarfélaglega hagsmunagæslu og markvissa samningsvinnu við aukna faglega sýn, nýsköpun í þjónustu, öflugra samstarf við skyld félög og vaxandi ytri rödd í málefnum sem snerta félagsfólk. Það er sterk staða til að byggja áfram á.

Ég vil að lokum þakka stjórn, nefndum, trúnaðarmönnum, starfsfólki skrifstofu og félagsfólki öllu fyrir samstarf og þátttöku á liðnu starfsári. Sérstakar þakkir fá fráfarandi stjórnarfólk, þau Unnur Magnúsdóttir og Torfi Geir Hilmarsson fyrir störfín á liðnu kjörtímabili.

Árangur FÍN verður ekki til nema með sameiginlegu átaki, stjórnar, trúnaðarmanna og félagsfólks alls. Þetta hefur FÍN tekist og því er ljóst að félagið stendur traustum fótum inn í næsta starfsár.

Þorkell Heiðarsson,
formaður FÍN.



Greiningarsjóður háskólafélaganna stofnaður

Mikilvæg nýjung á árinu var stofnun Greiningarsjóðs háskólafélaganna. Þann 4. september 2025 undirrituðu FÍN, Félag háskólakennara, Félag háskólakennara á Akureyri og Félag prófessora í ríkisháskólum samstarfssamning um nýjan sjóð sem ætlað er að efla greiningarvinnu um hag og starfsumhverfi háskólamenntaðra sérfræðinga og akademísku starfsfólks. Þarna var stigið mikilvægt skref í að styrkja sameiginlega þekkingaruppbyggingu og málefnavinnu félaganna fjögurra til framtíðar.

Sjóðurinn réði Halldór Valgeirsson sérfræðing í tölfræðigreiningum til starfa og hóf hann störf á skrifstofu FÍN þann 1. desember 2025.

Rekstrargrundvöllur sjóðsins felst í svo kölluðu 0,1% gjaldi sem greitt er af launum ríkisstarfsfólks innan félaganna fjögurra, en því gjaldi er einmitt ætlað að standa straum af kostnaði sem fellur til vegna ýmis konar vinnumarkaðsgreininga.



Fulltrúar félaganna skrifuðu undir samninginn við hátíðarlega athöfn í Norræna húsinu

Vinnustaðaheimsóknir

Gerð var gangskör að heimsóknum á vinnustaði félagsfólks á árinu og stóð FÍN fyrir fjölmörgum vinnustaðafundum á starfsárinu. Á þessum fundum förum yfir stöðu vinnustaðarins, launatölfræði, launavæntingar, stofnanasamninga og önnur mikilvæg atriði. Við kappkostum að sníða hvern fund að þörfum viðkomandi vinnustaðar.

Vinnustaðafundir ársins í stafrófsröð:

- Hafrannsókna- og stofnun: Haf og vatn
- Háskólinn á Hólum í Hjaltadal
- Heilbriggiðiseftirlitið (Austurland, Suðurland, Reykjavík, Vesturland)
- Keldur
- Land og skógur á Austurlandi
- Landspítalinn
- MAST
- Matís
- Náttúrufræðistofnun
- Náttúrustofa Austurlands
- Náttúruverndarstofnun
- Umhverfis- og orkustofnun



Orri fer yfir stöðuna á Keldum

Nýr vefur og spjallmenni tekin í notkun

FÍN tók nýjan vef í gagnið á haustdögum en gamli vefurinn var í þann mund að komast á fermingaraldur. Það blása ferskir vindar um nýja vefinn sem byggir á þeim trausta grunni sem forveri hans var.

Á bakvið nýjan vef liggur mikil vinna á bakvið tjöldin og nutum við góðrar aðstoðar sérfræðinga á sviði vefmála. Funksjón vefráðgjöf tók fyrstu skrefin með okkur og undirbjó jarðveginn og Stefna Hugbúnaðarhús tók svo við boltanum og smíðuðu vefinn fyrir okkur.

Í ársbyrjun 2026 bættist svo við ný stafrænt þjónustuskref þegar spjallmennið **Lóa** var tekið í notkun til að auðvelda félagsfólki að nálgast upplýsingar um kjara- og réttindamál. Hér er um að ræða fyrsta spjallmenni landsins sérsniðið að þörfum stéttarfélags og félagsfólks þess.

Við þjálfun Lóu voru m.a. notuð gögn sem starfsfólk félagsins hafði safnað saman í áranna rás með algengum spurningum félagsfólks um kjara- og réttindamál og svörum við þeim. Haldið verður áfram að þróa Lóu til góðra verka á næstunni.



Samstarf við Símenntun HA

FÍN hóf á árinu 2025 formlegt samstarf við Símenntun Háskólans á Akureyri en markmiðið með samstarfinu er m.a. að efla námsframboð og auka fjölbreytileika í námsleiðum fyrir félagsfólk FÍN.

Félagsfólk í FÍN fær 15% afslátt af styttri námskeiðum og námsleiðum hjá Símenntun Háskólans á Akureyri en afsláttarkjörin eru fyrstu skrefin í þessu samstarfi. Valin námskeið og fyrirlestrar eru einnig auglýst á vef FÍN.

Símenntun Háskólans á Akureyri hefur einsett sér það að verða leiðandi afl í fjarnámi hvað endurmenntun varðar. Félagsfólk FÍN um allt land ætti því að geta nýtt sér þennan kost óháð staðsetningu.

Við hvetjum félagsfólk FÍN til að fylgjast með auglýstum námskeiðum og nýta sér afsláttarkjörin.



Þorkell handsalar samstarfið með Stefáni Guðnasyni, forstöðumanni símenntunar Háskólans á Akureyri í Lystigarðinum.

Vöxtur í samstarfi við fagfélög

FÍN hefur undanfarin misseri verið í virku samtali við fagfélög á sviði náttúrufræðigreina með það að markmiði að koma á formlegu samstarfi milli FÍN og félaganna. Sú vinna hefur borið góðan ávöxt og hafa nú verið gerðir samstarfssamningar við fimm félög og eru fleiri í burðarliðnum.

Þessi þróun endurspeglar þá stefnu að efla faglegt samfélag náttúruvísinda og tengdra greina og skapa öflugri vettvang fyrir samstarf, þekkingarmiðlun og hagsmunabaráttu. Í því samhengi má hafa það í huga að FÍN var lengst af fagfélag og kjarafélagshlutinn bættist við starfsemi þess hægt og bitandi.



Líffræðifélagið var fyrsta fagfélagið sem skrifaði undir samstarfsyfirlýsingu við FÍN. Þorkell Heiðarsson, formaður FÍN, og Ásthildur Erlingsdóttir, formaður Líffræðifélags Íslands, skrifuðu undir yfirlýsinguna í mars 2025.



Einn af hápunktum starfsársins var 70 ára afmæli FÍN. Þann 9. október 2025 hélt félagið afmælishátíð á Kjarvalsstöðum. Afmælið var mikilvægt tilefni til að rifja upp sögu félagsins, styrkja samkennd og horfa fram á veginn með metnað til áframhaldandi uppbyggingar.

Í tengslum við afmælið var haldin ljósmyndakeppni meðal félagsfólks og var þátttaka framar vonum. Borgarstjóri afhenti verðlaun á afmælishátíðinni og hluti myndanna prýða nú nýju vefsíðuna sem og skrifstofu félagsins.

Í þessu sambandi verður að nefna að undanfarna mánuði hefur Páll Halldórsson fyrrverandi formaður FÍN og BHM verið við sjálfboðaliðastörf á skrifstofu FÍN og farið þar yfir skjalasafn félagsins. Páll lauk nýlega mastersnámi í sagnfræði við HÍ og hefur það komið sér einkar vel við vinnuna. Það sem Páll komst hins vegar að við rannsóknir sínar er að upprunalega var Félag íslenskra náttúrufræðinga stofnað 1946 en ekki 1955. Það félag var starfandi að því virðist fram til ársins 1952 í það minnsta, en lítið er að finna af gögnum frá því starfi. Hagsmunafélag náttúrufræðinga var síðan stofnað 1955 og nafninu síðan breytt í Félag íslenskra náttúrufræðinga nokkrum árum síðar.

Verður að segjast að þetta var ákveðinn skellur á 70 ára afmælisárinu því ekki verður hjá því komist að líta svo á FÍN sé í raun tíu árum eldra en áður var talið og fagnar félagið í raun 80 ára afmæli í ár. Þannig hefur félagið elst um tíu ár á einungis ári sem hlýtur að teljast vera einsdæmi.

Hér að neðan nokkrar myndir frá kvöldinu sem Raket Ósk ljósmyndari tók fyrir okkur en myndasafnið í heild má sjá á [Facebook síðu FÍN](#). Þar má einnig sjá verðlaunamyndirnar úr ljósmyndakeppninni.

